

VINABÆJARMÓT Í KARLSTAD Í SVÍPJÓÐ 2008

Við, Kristín Birgisdóttir og Ásdís Adda Ólafsdóttir fórum fyrir hönd Blönduóss á vinabæjarmót sem í ár var haldið í Karlstað í Svíþjóð. Með okkur fór Lee Ann Maginnis sem leader. Við höfum tekið saman smá ferðasögu um þessa vikufærð til Svíþjóðar.

Aðfaranótt mánudagsins 23.júní lögðum við af stað klukkan 00:30 á kagganum hennar Lee Ann sem skilaði okkur alla leið á flugvöllinn í Keflavík. Þar sem við vissum að það væri betra að við myndum bíða eftir fluginu en flugið myndi ekki bíða eftir okkur þá ákváðum við að vera frekar tímalega á ferðinni og höfðum því nægan tíma til að dunda okkur í fríhöfninni.

Þegar við komum út til Svíþjóðar var næst á dagskrá að finna réttu lestina, það vafðist ekki fyrir okkur og vorum við fljótlega komnar af stað í lest til Stokkhólms þar sem við þurfum svo að skipta um lest áður en haldið var af stað til Karlstad.

Í Karlstad beið skipuleggjandi mótsins hún Monika eftir okkur og kom okkur þangað sem við áttum dvelja þessa viku. Þar fengum við kvöldmat, kíktum svo aðeins á nágrennið og komum okkur fyrir í skólanum. Þegar allir þáttakendur mótsins voru svo mættir á svæðið seinna um kvöldið var haldinn fundur með öllum um hvernig þetta yrði nú allt saman. Þegar fundurinn var búinn komum við okkur að sofa þar sem við vorum búnar að ferðast ansi mikið og lítið búnar að sofa.

Þriðjudagurinn 24.júní var tekinn snemma og skolaður af sér ferðaskíturinn, farið í morgunmat og svo var haldið af stað þangað sem allir hóparnir áttu að vera með kynningu á sínum bæ. Tæknin var eitthvað að stríða blessuðu Svíunum og því var frekar löng bið eftir viðgerð á tölvugræjunum svo hægt væri að sýna kynningarnar þannig.

Hádegismaturinn var á safni þarna rétt hjá og eftir hann var farið í gönguferð um Karlstad. Þar þræddum við allar helstu stytur Karlstad, sem voru ansi margar, og hlustuðum á frásögn um þær. Konan sem sagði frá stytunum hafði einstakt lag á að stoppa alltaf undir trjám, undir einu trénu var fugl sem tók á það bragð að drita niður á Kristínu og það á báðar peysurnar sem hún var í. Við þetta rask í fuglinum neyddumst við því til að halda uppí skóla til að þvo peysur í baðherbergisvöskunum.

Um kvöldið var svo farið með bát úti litla eyju þar sem við grilluðum og sigldum svo aftur heim.

Á miðvikudeginum 25.júní var dagurinn tekinn snemma og brunað með okkur út fyrir bæjinn þar sem við vorum að fara í Windsurfing. Þegar við komum niður á ströndina þá sáum við að við hefðum sennilega misskilið dagskránnu aðeins því við tókum húfu og vettlinga með okkur en allir aðrir vorum með sundföt og handklæði. Við létum það nú ekki stoppa okkur og klæddum okkur í blautbúninga sem hefðu mátt vera aðeins stærri, en því miður voru þeir sem voru á undan búnir að taka þá. Það hefðu örugglega margir viljað vera fluga á vegg meðan við komum okkur í þessa blessuðu galla, þarna stóðum við á móti hvor annarri og tosuðum og tosuðum í efnið til að reyna að tosa gallana upp um hvor aðra. Að lokum vorum við komnar í gallana og búnar að renna, en vorum þó báðar sammála um að við litum út eins og vakúmpakkaðir hvalir í þessu, sem betur fer litu eiginlega allir þannig út í þessari múnderingu. Okkur var skipt í 6 hópa og hver hópur fékk klukkutíma í kennslu og svo að æfa sig, við skemmtum okkur konunglega í þessu og

Það var alveg þess virði þó við værum bara með þurrar stuttbuxur og jú húfu og vettlinga þegar þessu var lokið.

Þegar við komum svo heim um kvöldið var borðað og svo farið á Kajak hjá Kajakklúbb Karlstad. Það gekk misvel hjá krökkunum að ná tækninni við þetta en þetta hafðist allt að lokum. Um kvöldið kíktum við svo aðeins út með hinum krökkunum.

Við byrjuðum fimmtudaginn 26.júní á því að fara í stóra vatnaverksmiðju og sjá hvernig allt færi fram þar. Okkur fannst þetta reyndar frekar lítið allt saman svona í samanburði við Blönduvirkjun. Þarna var farið vel í gegnum öll tækin og útskýrt fyrir okkur hvað gerðist á hverjum stað og svo í endan fengum við að smakka vatnið þeirra sem á að vera eitt besta vatn í svíþjóð. Við myndum nú frekar velja íslenska vatnið. Um hádegi fórum við svo í UNO sem er félagsmiðstöð í Karlstad. Það var ekkert smá stórt og flott og margt hægt að gera þar. Þar var okkur skipt í 3 hópa og fengum við leiðsögn í gegnum húsið og okkur sýnt allt sem var boðið upp á. Eftir skoðunina fengum við frjálsan tíma fram að kvöldmat og nýttum við hann í að röлта í miðbænum og skoða aðeins í búðir.

Eftir kvöldmat var svo farið á vatnaskíði. Reyndar fóru flestir á svona dýnu sem gátu verið 3 á í einu og svo var spíttbátur sem dró hana út um allt. Það var frekar erfitt að halda sér á dýnunni og því ekki mikið um þurra þræði eftir þessa ferð. Þeir sem vildu gátu líka fengið að prófa vatnaskíði en fáir sem nýttu sér það.

Á föstudeginum 27.júní fórum við í Mariebergsskogen fram að hádegi og máttum skoða allt þar sem við vildum. Mariebergsskogen er lokaður fjöldkyldugarður með leiktækjum, skógi sem hægt var að röлта um og safni með alls konar dýrum og hljóðum sem hægt var að finna í skóginum. Mjög skemmtilegt að skoða þetta allt saman. Það var svo gott veður þarna að við ákváðum bara að leggjast í sólbað þegar við vorum búnar að skoða okkur um.

Þegar við komum úr Mariebergsskoge var siglt út í Torsholm, hægt var að velja hvort maður vildi fara á spíttbát, seglbát sem maður mátti sigla sjálfur eða bara svona venjulegum bát. Við völdum að fara á spíttbát og var það ekkert smá gaman. Ég held að við höfum hlegið alla leiðina og mest þegar greyjið strákurinn sem var með okkur vissi ekkert hvert hann átti að fara og við löngu búin að stinga alla hina bátana af. Það var geggjað veður á eyjunni og þar var sólað sig, borðað og lesið smá áður en haldið var aftur heim á leið. Þegar við komum heim aftur var alveg mígandi rigning en við létum það nú samt ekki stoppa okkur í að kíkja aðeins í bæjinn.

Laugardagurinn 28.júní var frjálst til klukkan 6 um kvöldið en þá hófst lokakvöldverðurinn. Við nýttum daginn að sjálfsögðu í verlsunarleiðangur og byrjuðum á að fara í verslunarmiðstöð sem við höfðum rekið augun í fyrr í vikunni. Þegar við vorum búnar að þræða búðirnar þar fórum við aftur til baka og kíktum í búðirnar í miðbænum. Við versluðum örlítið enda ekki á hverjum degi sem H&M er fyrir framan okkur.

Um 4 leytið fórum við svo aftur í skólan til að gera okkur reddý fyrir lokakvöldið. Það var mjög gaman á lokakvöldverðinum þó svo að það væri leiðinlegt að mjög skemmtilegri viku væri að ljúka. Eftir kvöldverðinn kíktum við aðeins út með öðrum krökkum en vorum samt ekkert mjög lengi þar sem við þurftum að vakna snemma daginn eftir til að halda heim á leið.

Á sunnudeginum 29.júní þurftum við að vera mættar upp í rútu rétt fyrir 7 þar sem engin lest gengur frá Karlstad til Stokkhólm á laugardögum og sunnudögum. Við byrjuðum á að fara með rútu, tókum svo lest og enduðum á að fara með strætó síðasta spölinn upp á flugvöll. Þar beið okkar 3 tíma flug og svo keyrðum við beina leið heim, reyndar með smá stoppi í Reykjavík.

Þessi vika var mjög skemmtileg þó svo að okkur hafi ekki litist alltof vel á þetta í byrjun. Við kynntumst fullt af krökkum og gerðum margt sem við höfðum aldrei gert áður. Við mælum með því fyrir hvern sem er að prófa að fara á vinabæjarmót, því það er skemmtileg lífsreynsla og gott tækifæri til að kynnast nýju fólki og prófa nýja hluti. Við þökkum fyrir þetta skemmtilega tækifæri sem við fengum með því að fá að taka þátt í þessu móti.

Kristín Birgisdóttir og Ásdís Adda Ólafsdóttir